



UMHVERFISSTOFNUN

VSÓ Ráðgjöf
Sigríður D. Jónsdóttir
Borgartúni 20
105 Reykjavík

Reykjavík 8. júlí 2015
UST201506-258/B.S.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag - umhverfisskýrsla - Sandgerðisbær


Vísað er til bréfs VSÓ Ráðgjafar dags. 30. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar sem felast annars vegar í afmörkun á 0,55 ha iðnaðarsvæði fyrir skólphreinsistöð við Djúpuvík og nýrri útrás fráveitu sem staðsett er nærri núverandi útrás. Hins vegar afmörkun á um 3,7 ha svæði fyrir frístundabyggð á landi Bala við Stafnes.


Umhverfisstofnun telur jákvætt að afmarka svæði fyrir skólphreinsistöð þannig að unnt verði að uppfylla kröfur sem settar eru fram í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Umhverfisstofnun vill benda á að varðandi skipulagningu sumarhúsabyggðar verði þess gætt að raska ekki því búsetulandslagi sem víða er að finna á svæðinu við Básenda.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við umræddar breytingar á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri